

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um rafrænt upplýsingakerfi bókasafna.

Frá Þuríði Backman.

1. Verður tekið tillit til þegar útlagðrar vinnu og kostnaðar við rafræna skráningu þeirra bókasafna sem skráð hafa söfn sín í gagnasafnið Feng við yfirfærslu skráninganna í nýstofnað Landskerfi bókasafna hf.?
2. Verður kostnaður við undirbúning að samruna Fengs og Gagnis, bókasafns- og upplýsingakerfanna, styrktur úr ríkissjóði?
3. Hvaða tillit verður tekið til aukins rekstrarkostnaðar þeirra bókasafna sem hafa skráð í Feng og munu því reka tvöfalt skráningarkerfi eftir að Gagnir hefur verið yfirfærður í landskerfið og þar til Fengur er kominn yfir í það?
4. Hvernig verður gagnagrunnur Fengs metinn inn í Aleph 500 bókasafns- og upplýsingakerfið?
5. Verður farið að tillögu samstarfshóps um menningarmál um að komið verið á þróunarsjóði bókasafna með 8 millj. kr. fjárframlagi úr ríkissjóði árið 2002?

Skriflegt svar óskast.